

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**111. fundur – 15. febrúar 2007**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 15. febrúar 2007, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 12. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson, Halla Halldórsdóttir og Júlíus K. Björnsson boðuðu forföll. Guðrún Þóra Magnúsdóttir mætti í forföllum Gestis Péturssonar

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1 Fundargerðir 110 fundar heilbrigðisnefndar frá 5. febrúar 2007**

Samþykkt.

**2 Fundargerð 96. starfsmannafundar frá 14. febrúar 2007**

**2.1 Starfsleyfi.**

**Hafnarfjörður**

2.1.1 Staðarberg 2-4, Hafnarfirði - skyndibitastaður.

Lögð fram að nýju umsókn Péturs Smárásonar, f.h. Snæland vídeó ehf., kt. 681294-2879, dags. 10.01.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða..

**2.2 Umsagnir.**

**Hafnarfjörður**

2.2.1 Kaplakriki, íþróttahús, Hafnarfjörður - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 07.02.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Önnu K. Bjarnadóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið Kaplakrika við Flatahraun, vegna árshátíðar sem fyrirhugað er að halda þar, 3. mars nk.

Jákvæð umsögn samþykkt.

**2.3 Tóbakssöluleyfi.**

**Hafnarfjörður**

2.3.1 Staðarberg 2-4, Hafnarfirði - skyndibitastaður.

Lögð fram að nýju umsókn Péturs Smárásonar, dags. 10.01.2007, þar sem sótt er um tóbakssöluleyfi fyrir Snæland Vídeó ehf., kt. 681294-2879, Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Samþykkt.

**2.4 Annað**

2.4.1 Örveruástand fiskafurða.

Lagt fram eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, um örveruástand fiskafurða, september - október 2006.

Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is).

### 3 Starfsemi heilbrigðiseftirlitsins

Farið yfir starfsemi liðins árs, drög að ársskýrslu 2006, niðurstöður eftirlits og áherslur í eftirliti næstu mánuði.

### 4 Vatnsvernd

Lögð fram að nýju fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 30. janúar 2007.

#### 4.1 Svæðisskipulag um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram erindi Smára Smárasonar f.h. Kópavogsbæjar frá 7. febrúar 2007 ásamt nýjum uppdrætti af tillögu að fyrirkomulagi vatnsverndar. Frestað og óskað umsagna heilbrigðisnefnda á höfuðborgarsvæðinu sbr. lið 3 í fundargerð heilbrigðisnefndar þann 27. nóvember 2006.

#### 4.2 Slys á brunnsvæðinu í Vatnsendakrika.

Lagt fram erindi heilbrigðiseftirlitsins dags. 15. febrúar 2007 vegna slys á brunnsvæðinu í Vatnsendakrika þann 6. febrúar 2007.

### 5 Skipulagsmál

Lagt fram bréf Smára Smárasonar, skipulagsstjóra f.h. Kópavogsbæjar, dags. 28. desember 2006 varðandi Hörðuvelli – miðsvæði. Vallakór 2 til 4. Breytt deiliskipulag.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd gerir fyrirvara um að gildandi svæðisskipulagi varðandi vatnsvernd verði breytt áður en rekstur bensínstöðvar verði heimilaður. Að því gegnu að svæðisskipulaginu verði breytt telur nefndin að í skipulagsskilmálum eigi að koma fram kröfur um ítrustu mengunarvarnir vegna eðli starfseminnar og staðsetningar.”

### 6 Úrgangsmál. Upplýsinga- og skýrslugjöf.

Lagt fram að nýju bréf Sorpu bs. frá 27. september 2006 þar sem vakin er athygli á misræmi sem er í starfsleyfum hjá fyrirtækjum sem vinna í úrgangsmálaflokknum um upplýsinga- og skýrslugjöf varðandi úrgang sbr. lið 6 í fundargerð heilbrigðisnefndar frá 3. nóvember 2006.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfisstofnunar frá 3. nóvember 2006 um málið og erindi Umhverfisstofnunar frá 4. janúar 2007 sem er svar við því erindi.

Samþykkt að kynna Sorpu bs. álit Umhverfisstofnunar.

### 7 Önnur mál

#### 7.1 Kattahald

Lagt fram erindi frá íbúa í Kópavogi dags. 15. febrúar 2007 þar sem lýst er vandamálum vegna óhefts kattahalds og óskað eftir kattahald verði takmarkað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15

Júlíus K. Björnsson

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson

Guðrún Þóra Magnúsdóttir

Sigurgeir Ólafsson